

## 5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 5. og 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

## 6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi, viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming enda séu þau þegar greidd. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar fyrir 1. júlí ár hvert.

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 5. og 18. grein laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 21. janúar 1998.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurður Á. Þráinsson*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum og beingreiðslur 1996-2000.

## 1. gr.

3. mgr. 7. gr. orðist svo:

Beingreiðsla greiðist til handhafa með jöfnum mánaðarlegum greiðslum 1. hvers mánaðar, þó þannig að greiðsla vegna janúar greiðist 1. febrúar.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildir.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. janúar 1998.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*